

## 805. fundur

Árið 2024, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 16. október, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Ásrún Helga Kristinsdóttir, Björn G. Sæbjörnsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Jónína Magnúsdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Björn G. Sæbjörnsson starfsaldursstjórnarmaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

### Dagskrá:

1. *Stjórnin skiptir með sér verkum.*

Formaður: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Reykjanesbær

Varaform: Jónína Magnúsdóttir, Suðurnesjabær

Ritari: Björn G. Sæbjörnsson, Sveitarfélagið Vogar

Meðstj.: Ásrún H. Kristinsdóttir, Grindavíkurbær.

Nýr formaður tekur við stjórn fundarins.

2. *Ályktanir aðalfundar 2024.*

Framkvæmdastjóra falið að senda ályktanirnar til viðeigandi ráðuneyta og óska eftir fundum með ráðherrum til þess að fylgja málinu eftir. Ályktanirnar verða sendar til þingmanna kjördæmisins sem og birtar á heimasíðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

3. *Niðurstöður vinnustofu á aðalfundi SSS 2024.*

Sveitarstjórnarfulltrúar eru sóttu aðalfund S.S.S. þann 28. september s.l. voru spurðir eftirfarandi spurninga.

Hvaða verkefnum finnst þér að S.S.S. eigi að sinna?

#### **Niðurstöður:**

##### **Atvinnu- og markaðsmálum**

Samgöngumál milli byggðakjarna og til svæðisins í heild sinni

Efla samvinnu í ferða- og markaðsmálum

Stjórn móti sér stefnu í upphafi hvers kjörtímabils með ákveðnum fókuspunktum

##### **Aukin upplýsingaöflun til bæjarfulltrúa**

Berjast fyrir jöfnum framlögum til málaflokka frá ríkinu til svæðisins

Að stjórnin taki sér meira dagskrávald

Hagsmunagæsla í sameiginlegum pólitískum málum gagnvart ríkinu

Stuðningur við uppbyggingu atvinnulífs og efling frumkvöðlastarfsemi – sækja tækifæri

Hagsmunagæsla gagnvart ríkinu

Hvaða verkefnum finnst þér að S.S.S. eigi ekki að sinna?

**Niðurstöður:**

Taka að sér verkefni nema þau séu vel skilgreind og árangur mælanlegur

Sem bærjarfulltrúi erum við ekki nægjanlega vel inn í því hversu tímafrek verkefni hjá S.S.S. eru og því erfitt að segja hvort þau eigi að gera meira eða minna.

Eignarhaldsfélag Suðurnesja, hver er framtíð þess?

Vantar betri heildarsýn yfir það sem S.S.S. er að sinna í dag og ein lausn gæti verið vinnufundir S.S.S. og allra bærjarfulltrúa.

Ekki leggja vinnu í verkefni frá ríkinu sem ekki fylgir fjármagn.

Hafa skýrt verksvið hjá stjórn hvaða verkefni eru hvar og hver ber ábyrgð á þeim.

Stjórn S.S.S. þakkar fyrir þessar góðu punkta og mun hafa þessar niðurstöður að leiðarljósi í stefnumótunarvinnu sinni á næstu árum.

4. *Tilkynning um skráningu á prókúruhafa hjá opinberum aðila – Eyðublað RSK 17.91.*  
Stjórn S.S.S. veitir Berglindi Kristinsdóttur framkvæmdastjóra prókúru skv. eyðublaði RSK nr. 17.91.
5. *Minnisblað vegna mögulegrar mengunarhættu frá eldsumbrotum á vatnsverndarsvæðu fyrir vatnsbólín á Lagasvæðinu í Grindavík og í Vogum, dags. 27.09.2024.*  
Lagt fram.
6. *Fundargerð 52. fundar stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja, dags. 19.09.2024.*  
Lagt fram.
7. *Önnur mál.*  
Aðalfundur Fisktækniskóla Íslands verður haldinn í húsnæði skólans Sólheimum 5, 245 Suðurnesjabæ, þann 21. október kl. 16:15.  
Stjórn S.S.S. tilnefnir eftirfarandi í stjórn skólans:  
Aðalmaður: Baldur Matthías Þóroddsson.  
Varamaður: Jónína Magnúsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:55.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir      Jónína Magnúsdóttir      Björn G. Sæbjörnsson  
Ásrún H. Kristinsdóttir      Berglind Kristinsdóttir